

Fundur haldinn í skipulags- bygginga- og hafnarnefnd Reykhólahrepps
mánudaginn 11. maí 2009 kl. 15:00

Fundarstaður: Fundarherbergi Reykhólahrepps, Maríutröð 5 a, Reykhólum.

Mættir: Sveinn Ragnarsson, Eiríkur Kristjánsson, Egill Sigurgeirsson, Bogi Kristinsson, Guðmundur Ólafsson og Óskar Steingrímsson, fundarritari.

Sveinn bauð menn velkomna og setti fund.

Dagskrá:

1. **0905002** Erindi móttekið 22. 04.2009 frá Guðjóni D. Gunnarssyni f.h. Fasteignasviðs Kirkjuráðs Þjóðkirkjunnar um leyfi til að byggja pall við Hellisbraut 4 (prestsbústað) og leggja stétt við húsið. Samþykkt.
2. **0905001** Bréf dags. 22. apríl 2009 frá Orkustofnun með ósk um upplýsingar á stafrænu formi um afmörkun vatnsverndarsvæða í núgildandi aðalskipulagi. Byggingafulltrúi hefur sent Orkustofnun umbeðnar upplýsingar.
3. **0904029** Bréf dags. 30. mars 2009 frá Þráni Hjálmarssyni með ósk um byggingaleyfi fyrir stækkun á hlöðu og byggingu 70,4 m² íbúðarhúss og 21 m² gestahúss á Hríshóli. Afgreiðsla á stækkun hlöðu frestað þar til teikningar liggja fyrir. Bygging íbúðarhúss samþykkt. Byggingafulltrúa falið að ganga frá leyfi fyrir íbúðarhúsi þegar fullnægjandi gögn liggja fyrir. Afgreiðsla á leyfi fyrir gestahúsi frestað þar til teikningar liggja fyrir.

Önnur mál.

1. **0905005** Umsókn dags. 8. maí 2009 frá Þörungaverksmiðjunni hf með ósk um leyfi til að setja tvo pósta í stofuglugga Hellisbrautar 42, Reykhólum. Samþykkt að veita leyfi fyrir tveimur lóðréttum póstum með fyrirvara um að skilað verði inn uppdrætti af breytingunum.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 15:45.

Sveinn Ragnarsson (sign)
Eiríkur Kristjánsson (sign)
Egill Sigurgeirsson (sign)
Bogi Kristinsson (sign)
Guðmundur Ólafsson (sign)
Óskar Steingrímsson (sign)